FVSA

FÉLAG VERSLUNAR - OG SKRIFSTOFUFÓLKS
AKUREYRI OG NÁGRENNI

# ÁRSSKÝRSLA



# 2023-2024

# FÉLAG VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS AKUREYRI OG NÁGRENNI

## ÁRSSKÝRSLA STJÓRNAR OG REIKNINGAR FÉLAGSINS

### AÐALFUNDUR MÁNUDAGINN 26. FEBRÚAR 2024

DAGSKRÁ

1. Fundarsetning
2. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
3. Reikningar félagsins lagðir fram til afgreiðslu
4. Kosningar
5. Lýst stjórnarkjöri
6. Framlag í Vinnudeilusjóð
7. Fjárfestingarstefna FVSA 2024
8. Laun stjórnar, trúnaðarráðs og stjórnar Sjúkrasjóðs
9. Önnur mál

**Ársskýrsla og ársreikningar Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni 2023**
Ábyrgð: Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni. Útgefið með fyrirvara um innsláttarvillur.
Allt myndefni er í eigu Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni, nema annað sé tekið fram.

# FRÁ FORMANNI

## KÆRU FÉLAGAR

Frá síðasta aðalfundi hefur félagsstarfið verið á fullri ferð og ánægjulegt að sjá ný andlit og gamalreynd leggja sig fram í störfum innan hreyfingarinnar. Fjöldi félagsfólks hefur sótt marga viðburði á þessu starfsári sem telja á fimmta tug; stjórnarfundi, trúnaðarráðsfundi, ráðstefnur, þing og námskeið. Fjallað er um þá viðburði í máli og myndum í ársskýrslunni, auk annara verkefna.

Eitt umfangsmesta verkefni ársins snéri að gerð kjarasamninga. Samkvæmt verkáætlun, sem samþykkt var við undirritun kjarasamninga í desember 2022, hófust samningaviðræður snemma á árinu. Fundað var alls um þrjátíu sinnum. Með áætluninni var stefnt að því að undirbúa næsta kjarasamning og leiða til lykta samningsatriði sem ekki snéru að launaliðnum.

### NIÐURSTÖÐUR KÖNNNUNAR

Í könnun, sem félagið gerði í nóvember 2023, var hugur félagsfólks til ofangreindra atriða kannaður. Að auki var spurt um áherslur í launakröfum á atvinnurekendur og greiddu flest atkvæði með því að semja um prósentuhækkun, með lágmarki og hámarki í krónum. Næst flest atkvæði hlaut sama krónutöluhækkun fyrir alla. Einnig var spurt um lengd kjarasamnings og kusu flest með tveggja ára samningstíma. Nánar er fjallað um niðurstöður könnunarinnar á bls. 21 í ársskýrslunni.

### MYNDUN BANDALAGA

Framan af gerðu þau félög innan Alþýðusambands Íslands (ASÍ), sem voru með lausa samninga 1. febrúar 2024, tilraun til að koma saman að samningaborðinu. Meirihluti félagsmanna Landssambands íslenzkra verzlunarmanna (LÍV) vildi fara blandaða leið við hækkun launa í samningum. Engu að síður var það mat samninganefndar LÍV að til mikils væri að vinna að ná saman með öðrum ASÍ félögum sem kusu frekar krónutöluhækkun, og því féllst nefndin á að taka þá stefnu.

Þegar ekki náðist eining meðal ofangreindra félaga hófst samstarf Landssambands íslenzkra verzlunarmanna, Samiðnar, VR, Eflingar og Starfsgreinasambands Íslands. Bandalagið nefndist Breiðfylking og var fyrsti fundur með Samtökum atvinnulífsins (SA) haldinn hjá Ríkissáttasemjara þann 28. desember 2023. Samningsaðilar voru sammála um að markmiðið með nýjum samning yrði að ná niður mikilli verðbólgu og háu vaxtastigi sem komið hefur hart niður á bæði heimilum og fyrirtækjum.

### KLOFNINGUR YFIR FORSENDUÁKVÆÐUM

Fundað var ört út janúar, en þann 9. febrúar lýsti Breiðfylkingin því yfir að viðræður við Samtök atvinnulífsins væru árangurslausar. Ásteytingarsteinninn var forsenduákvæði um þróun verðbólgu og vaxta, sem SA hafa hafnað með öllu að hafa í fjögurra ára samning. Mikil vonbrigði voru með að SA kysi að sigla viðræðum í strand þar sem samkomulag hafði náðst um hóflegar launahækkanir og undirritun kjarasamnings í sjónmáli.

Samningsaðilar komu aftur að borðinu til að ræða forsenduákvæði. Í framhaldinu klufu samninganefndir LÍV og VR sig frá Breiðfylkingunni, þar sem samningsaðilar náðu ekki saman. Samningur er ekki í sjónmáli og óvíst hvað verður. Ég hvet félagsfólk til þess að fylgjast vel með framhaldinu.

Þegar félagið stendur í kjarasamningsviðræðum er ómetanlegt að eiga gott bakland í félagsfólki og þeim sem gegna trúnaðarstörfum hjá félaginu og þakka ég ykkur fyrir gott samstarf og samtal á samningstímabilinu. Megi niðurstaðan leiða til kjarabóta fyrir okkur öll.

Eiður Stefánsson, formaður FVSA.

# EFNISYFIRLIT


ÁRSSKÝRSLA FVSA .......... 6
STJÓRNIR OG NEFNDIR .......... 7
ÞING, FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR .......... 8
ÞJÓNUSTA .......... 13
TRÚNAÐARMENN .......... 13
ORLOFSHÚS OG ORLOFSMÁL .......... 14
STARFSMENNTASJÓÐUR .......... 16
SJÚKRASJÓÐUR .......... 17
FRÆÐSLA OG NÁMSKEIÐ .......... 18
ÖNNUR VERKEFNI .......... 20
MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL .......... 23
ÁRSREIKNINGUR 2023 .......... 25

# FÉLAG VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS AKUREYRI OG NÁGRENNI

Þjónustusvæði Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni (FVSA) nær yfir Akureyri, Dalvíkurbyggð, hreppa Eyjafjarðarsýslu og Fjallabyggð ásamt Svalbarðsstrandar- og Grýtubakkahrepp í Suður-Þingeyjarsýslu.

Félagið er aðili að Alþýðusambandi Norðurlands, Landssambandi íslenzkra verzlunarmanna og Alþýðusambandi Íslands.

Félagsmenn eru samtals 2.450, þar af eru 416 lífeyrisþegar. Konur eru 61% af félagsfólki.

| Helstu styrkir úr félagssjóði | |
|---|---|
| Jólaaðstoð | 700.000 kr. |
| Kvennaverkfall | 70.000 kr. |
| Aðrir styrkir | 70.000 kr. |



***Aðal- og varamenn í stjórn FVSA 2023-2024***
*Efri röð frá vinstri: Stefán Jónsson, Eiður Stefánsson, Jón Grétar Rögnvaldsson og Halldór Óli Kjartansson.*
*Neðri röð frá vinstri: Agnes Reykdal, Claudia Lobindzus, Hulda Björnsdóttir og Bryndís Björk Barkardóttir.*

# STJÓRNIR OG NEFNDIR

## STJÓRN FVSA

Eiður Stefánsson – Formaður
Hulda Björnsdóttir – Varaformaður
Claudia Lobindzus – Ritari
Halldór Óli Kjartansson – Gjaldkeri
Agnes Reykdal – Meðstjórnandi

VARAMENN
Bryndís Björk Barkardóttir
Jón Grétar Rögnvaldsson
Stefán Jónsson

## STJÓRN SJÚKRASJÓÐS

Eiður Stefánsson
Hilda Dröfn Eichmann
Katrín Guðrún Pálsdóttir
Margrét Brynjólfsdóttir
Svanfríður Sigurðardóttir

VARAMENN
Anna Kristín Árnadóttir
Jón Haraldur Lárusson
Stefanía Árdís Árnadóttir

## FÉLAGSLEGIR SKOÐUNARMENN

Einar Hjartarson
Sigurjóna Þórdís Ingvadóttir

TIL VARA
Guðmundur L. Helgason
Steinunn Hulda Marteinsdóttir

## KJÖRSTJÓRN

Helga Eymundsdóttir
Helgi Sveinbjörn Jóhannsson

TIL VARA
Eydís Bjarnadóttir
Jónas Þór Sveinsson

## UPPSTILLINGARNEFND

Agnes Reykdal
Anna Hafdís Jóhannesdóttir
Halldór Óli Kjartansson

## TRÚNAÐARRÁÐ

Í trúnaðarráði sitja stjórnarmenn félagsins auk 13 fullgildra félagsmanna. Fimm þeirra skulu kosnir eftir sömu reglum og til sama tíma og stjórn ásamt fimm varamönnum. Trúnaðarmenn kjósa auk þess árlega úr sínum hóp átta félagsmenn og fjóra til vara.

### Trúnaðarráð til eins árs valið af trúnaðarmönnum

Anna Hafdís Jóhannesdóttir - Kjörbúðin Dalvík
Anna Petra L. Torbjörnsdóttir - JYSK
Elín Anna Guðmundsdóttir - VÍS
Gestur Gunnar Björnsson - N1 Hörgárbraut og Leira
Guðlaug Kristjánsdóttir - Klettur
Helga Guðrún Pálsdóttir - Nettó Glerártorgi
Örn Viðar Birgisson - Byko
Sirrý Laxdal - Sirrý Laxdal ehf.

TIL VARA
Halldóra Konráðsdóttir - Grófargil
Hanna Sigríður Magnþórsdóttir - Bónus Langholt
Hannes Heiðar Þórólfsson - ELKO
Ragnar Már Heinesen - Icelandair

### Trúnaðarráð til eins árs valið af uppstillingarnefnd

Helga Eymundsdóttir - Blikkrás
Júlía Gunnlaugsdóttir Poulsen - Kjörbúðin Ólafsfirði
Kristín Hilmarsdóttir - Stapi
Lára Pálína Jónsdóttir - Olís, Tryggvabraut
Signý Sigurðardóttir - Álnabær

TIL VARA
H. Heimir Geirdal Jónasson - Nettó Glerártorgi
Hjálmar Pálsson - Hnýfill
Hlaðgerður Þóra Viðarsdóttir - Bakaríið við Brúna
Logi Birgisson - Bónus Naustahverfi
Pála Dröfn Sigurðardóttir - Höldur

## FULLTRÚAR FRÁ FÉLAGINU Í STJÓRNUM

Eiður Stefánsson: stjórn LÍV, miðstjórn ASÍ og stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks.
Helgi Sveinbjörn Jóhannsson: í stjórn orlofsbyggðar á Illugastöðum.
Halldór Óli Kjartansson: varamaður í stjórn Símey.
Eydís Bjarnadóttir: í stjórn Fjölsmiðjunnar.
Hulda Björnsdóttir: varamaður í miðstjórn ASÍ og LÍV.

# ÞING, FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR

## FUNDIR STJÓRNAR

Alls voru haldnir átta fundir í stjórn FVSA, fundargerðir eru á vef félagsins.

## FUNDIR SJÚKRASJÓÐS

Alls hélt stjórn Sjúkrasjóðs FVSA þrjá fundi á árinu.

## FUNDIR TRÚNAÐARRÁÐS

Fimm fundir voru haldnir í trúnaðarráði FVSA, fundargerðir eru á vef félagsins.

### VINNUFUNDUR 6. NÓVEMBER

Mánudaginn 6. nóvember var haldinn vinnufundur með trúnaðarráði og öllum þeim sem gegna trúnaðarstörfum fyrir hönd félagsins. Alls mættu 30 manns. Meginmarkmið fundarins var að móta stefnu félagsins fyrir kjarasamninga, meta orlofskosti félagsins og framtíðarsýn fyrir þá og yfirfara styrki úr sjúkrasjóði.

Fundurinn byggðist á hópavinnu þar sem hver hópur tók afstöðu til þeirra málefna sem voru til umfjöllunar. Tími gafst til umræðna sem lauk með kynningu frá hverjum hóp, samantektin var að lokum borin saman við niðurstöður rafrænnar könnunar um sömu málefni sem gerð var meðal félagagsfólks.

Fundi lauk með því að trúnaðarmenn kusu fulltrúa sína í trúnaðarráð.





*Svipmyndir frá vinnufundi trúnaðarráðs.*





*Við afhendingu þakklætisvotta á aðalfundi. Frá vinstri: Claudia Lobindzus, Erla Bjarnadóttir, María Ingunn Tryggvadóttir, Þórdís Bjarnadóttir, Anna María Elíasdóttir, Hallveig Stefánsdóttir og Eiður Stefánsson.*

## AÐALFUNDUR FVSA 2023

Aðalfundur félagsins var haldinn í Alþýðuhúsinu mánudaginn 27. febrúar. Alls mættu rétt tæplega 50 félagsmenn á fundinn. Fundarstjóri var Stefanía Árdís Árnadóttir.

Eiður Stefánsson, formaður, fór yfir liðið starfsár og kynnti ársskýrslu stjórnar. Farið var yfir niðurstöður Gallup könnunar sem gerð var meðal félagsmanna á síðasta ári. Þar stóð upp úr hve marktæk og jákvæð breyting er með ánægju félagsmanna með þjónustu FVSA, en 84% sögðust ánægðir.

### LAGABREYTINGAR

Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa var gerð lagabreyting með einróma samþykki fundarins á reglugerð Sjúkrasjóðs. Kynning á breytingunni var í höndum Agnesar Reykdal, varamanns í stjórn. Með breytingunni jukust dánarbætur virkra og greiðandi félagsmanna þannig að ef hin látni lætur eftir sig barn (kjör- eða fósturbarn) yngra en 18 ára greiðast vegna hvers barns 800.000 kr. m.v. 100% starfshlutfall til þess sem sannarlega hefur barnið á sínu framfæri.

### FUNDARLOK

Í dagskrárlok kallaði formaður félagsins upp þær Önnu Maríu Elíasdóttur, Hallveigu Stefánsdóttur, Maríu Ingunni Tryggvadóttur, Erlu Bjarnadóttur og Þórdísi Bjarnadóttur, en allar eiga þær það sameiginlegt að hafa sinnt trúnaðarstörfum fyrir félagið í meira en 10 ár og létu af hlutverkum sínum á aðalfundi. Þeim var þakkað fyrir vel unnin störf.



*50 félagsmenn sátu aðalfund félagsins.*

## ÁRSFUNDUR STAPA
Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs var haldinn miðvikudaginn 3. maí í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Fulltrúar félagsins voru Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Gylfi Pálsson, Guðrún J. Þorbjarnardóttir og Helgi Sveinbjörn Jóhannsson. Fulltrúar frá FVSA mættu auk þess á tvo fulltrúaráðsfundi Stapa.

## 9. ÞING ASÍ-UNG
Níunda þing ASÍ-UNG var haldið 22. september í húsi fagfélaganna. FVSA átti einn fulltrúa á þinginu; Stefaníu Árdísi Árnadóttur.

Yfirskrift þingsins var „Stefna ASÍ-UNG“ en í aðdraganda þess hafði stjórn lagt til stefnuskjal. Stefnuskjalið var unnið upp úr fjölmörgum tillögum og líflegum umræðum sem mynduðust á vel heppnuðum fræðslu- og tengsladögum í mars fyrr á árinu. Stefnuskjal stjórnar var lagt til umræðu á þinginu og síðar til afgreiðslu. Þá var einnig kosið í stjórn, en fimm sæti stjórnar voru til kosningar, ásamt sætum þriggja varamanna.



*Stefanía Árdís Árnadóttir var þingfulltrúi FVSA á 9. þingi ASÍ-UNG.*

## KVENNARÁÐSTEFNA ASÍ
Kvennaráðstefna ASÍ var haldin dagana 28.-29. september 2023 í Hveragerði. Yfirskriftin að þessu sinni var *Leiðréttum skakkt verðmætamat kvennastarfa*. Félagið átti tvo fullrúa á ráðstefnunni, þær Maríu Rut Dýrfjörð og Huldu Björnsdóttur.

Alls sóttu ríflega 50 konur alls staðar af landinu ráðstefnuna. Undirbúningur og skipulagning var í höndum starfskvenna Alþýðusambands Íslands.

Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB flutti erindið *Hvernig útrýmum við launamun kynjana* og Sóley



*María Rut og Hulda á kvennaráðstefnu ASÍ*

Tómasdóttir, kynja- og fjölbreytileikafræðingur, fjallaði um verðmætamat, virði og gildi. Helga Björg O. Ragnarsdóttir lauk dagskránni með erindinu *Hvað felst í virðismati starfa?* auk þess að stýra vinnustofu.

Markmið ráðstefnunnar er að virkja samtakamátt kvenna til að styðja og hvetja konur til áhrifa í hreyfingunni, ásamt því að fræðast og brýna verkalýðshugsjónina.

## 45. ÞING ASÍ - FRAMHALDSÞING
Dagana 27.-28. apríl var 45. þingi Alþýðusambands Íslands fram haldið, en því hafði áður verið frestað þann 14. október 2022. Yfirskrift þingsins var *Við vinnum*. Kristján Þórður Snæbjörnsson, þáverandi forseti ASÍ, ávarpaði þingfulltrúa við þingsetninguna. FVSA átti fimm fulltrúa á þinginu.

Þinginu lauk með kjöri í embætti. Finnbjörn A. Hermannsson, fyrrum formaður Byggiðnar, var sjálfkjörinn sem forseti ASÍ. Í embætti fyrsta varaforseta var kjörinn Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR. Í embætti annars varaforseta var kjörin Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður AFLS starfsgreinafélags og í embætti þriðja varaforseta var kjörinn Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður Rafiðnaðarsambands Íslands. Engin mótframboð bárust

## 33. ÞING LÍV
33. Þing Landssambands íslenzkra verzlunarmanna (LÍV) var sett á Hótel Selfossi, fimmtudaginn 19. október 2023 og lauk á föstudegi. Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni átti fjóra fulltrúa á þinginu.




*Fulltrúar FVSA á 33. þingi LÍV, frá vinstri; Guðlaug Kristjánsdóttir, Agnes Reykdal, Claudia Lobindzus og Eiður Stefánsson.*

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður LÍV, setti þingið og Finnbjörn Hermannsson, forseti ASÍ, ávarpaði þingfulltrúa. Þingið tók fyrir helstu kröfur á stjórnvöld fyrir komandi kjaraviðræður, fjallaði um kröfugerð sambandsins á hendur atvinnurekendum og samþykkti ályktun um réttlát umskipti.

FYRRUM FORMAÐUR FVSA HEIÐRUÐ
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður FVSA árin 2005-2015, var sæmd gullmerki LÍV á þinginu fyrir framúrskarandi störf í þágu verslunarfólks á Íslandi og fyrir störf í þágu LÍV. Formaður FVSA, Eiður Stefánsson, tók á móti merkinu fyrir hennar hönd.

Ný stjórn LÍV var kosin og eru eftirfarandi kjörin til næstu tveggja ára:

AÐALMENN Í STJÓRN LÍV 2023 - 2025
Ragnar Þór Ingólfsson, VR, formaður
Eiður Stefánsson, FVSA
Hjörtur Geirmundsson, VMF
Kristín María Björnsdóttir, VR deild austurland, ritari
Kolbrún Júlía Erlendsdóttir, VR
Anna Halldórsdóttir, Stéttarfélag Vesturlands
Ólafur Reimar Gunnarsson, VR

VARAMENN Í STJÓRN LÍV 2023 – 2025
Bjarni Þór Sigurðsson, VR
Hulda Björnsdóttir, FVSA
Jónas Yngvi Ásgrímsson, VR
Elva Héðinsdóttir, Framsýn stéttarfélag
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, VR
Margrét J. Birkisdóttir, Verkalýðsfélag Vestfjarða
Jac Norðquist, VR

## FUNDUR EBAK

Þriðjudaginn 14. nóvember var haldin fundur í Hofi hjá nýstofnuðum kjarahóp eldri borgara á Akureyri og nágrenni (EBAK). Jón Grétar Rögnvaldsson, stjórnarmaður FVSA, og Eydís Bjarnadóttir, starfsmaður FVSA, sátu fundinn fyrir hönd félagsins.

Farið var yfir niðurstöður kjarakönnunar EBAK og hvað aðilar vinnumarkaðarins ætla að gera fyrir eldri borgara í kjaraviðræðum er varðar kröfur á ríkið. Líflegar umræður sköpuðust á fjölmennum fundi.

Fyrir svörum sátu, ásamt fulltrúa frá FVSA, Finnbjörn Hermannsson forseti ASÍ, Sonja Þorbergsdóttir formaður BSRB, Arnar Sigurmundsson frá SA og Anna Júlíusdóttir formaður Einingar Iðju.




*Jón Grétar Rögnvaldsson var fyrir svörum fyrir hönd FVSA á fundi EBAK.*

## RÁÐSTEFNA UNI EUROPA COMMERCE

Dagana 14.-15. nóvember komu fulltrúar verslunarfólks í 23 Evrópulöndum saman á ráðstefnu UNI Europa Commerce í Amsterdam til þess að brýna áherslur hreyfingarinnar og velja nýja forystu.

Fjögur sóttu ráðstefnuna fyrir hönd Landssambands íslenzkra verslunarmanna, þar af þrjú frá FVSA; Eiður Stefánsson, Hulda Björnsdóttir og María Rut Dýrfjörð, auk starfsmanns LÍV, Sigmundar Halldórssonar.

Þátttakendur gerðu úttekt á því sem áunnist hafði á síðustu fjórum árum og lögðu línurnar fram á við. Áhersla var lögð á fimm meginþemu á ráðstefnunni:

- Verslun – Atvinnugrein í umskiptum
- Straumar og stefnur í Evrópusamskiptum
- Efling verkalýðshreyfingarinnar til áhrifa
- Amazon
- Heilsa og öryggi

Undir hverju þema voru flutt erindi, boðið upp á panelumræður og loks var orðið laust fyrir framsögu. Þannig fengu ráðstefnugestir að heyra reynslusögur af sigrum og áskorunum, ógnum og tækifærum aðildarfélaga í Evrópu undir hverju málefni.

María Rut Dýrfjörð var með framsögu fyrir hönd LÍV undir þemanu *Atvinnugrein í umbreytingu* Hún lagði áherslu á að réttlát umskipti á vinnumarkaði myndu veita öllum jöfn tækifæri, óháð kyni, og sagði jafnframt frá verkfalli íslenskra kvenna á Kvennafrídeginum.

Ráðstefnugestir tóku þátt í samstöðuaðgerðum til styrktar baráttu aðildarfélaga í *Make Amazon Pay* herferðinni og mótmælum við verslun Albert Heijn í eigu Ahold, vegna áforma Ahold um að breyta verslunum sínum í Belgíu, Delhaize, í sérleyfisverslanir sem yrðu þá reknar án ábyrgðar Ahold.

Ráðstefnan samþykkti einnig nýja metnaðarfulla aðgerðaráætlun. Markmið hennar er að efla kjarasamninga sem verkfæri til að takast á við og vinna bug á þeirri óvissu sem verslunarstarfsmenn standa frammi fyrir, styrkja rödd starfsmanna og bæta starfsskilyrði í verslunargeiranum.



*Alls sóttu um 140 manns ráðstefnuna.*



*Fulltrúar LÍV á UNI Europa Commerce. Frá vinstri: Hulda, María, Eiður og Sigmundur.*




*María Rut var með framsögu á ráðstefnunni.*
*Mynd: Aad van Vliet*

# ÞJÓNUSTA

## OPNUNARTÍMI

Skrifstofa félagsins er opin mánudaga til fimmtudaga frá 08:00-16:00 og föstudaga frá 08:00-13:00. Á Siglufirði reka nokkur stéttarfélög sameiginlega skrifstofu, hlutur FVSA í rekstrinum þar er 11%.

## MANNAUÐUR

Starfsmenn félagsins eru fimm;

Eiður Stefánsson, formaður
Eydís Bjarnadóttir, kjaramálafulltrúi
Helgi S. Jóhannsson, afgreiðsla og fasteignaumsjón
María Rut Dýrfjörð, markaðs- og vefmál
Stefanía Árdís Árnadóttir, bókhald

### BREYTING Á AFGREIÐSLU STYRKJA

Upp úr áramótum var gerð sú breyting á afgreiðslu styrkja að í stað þess að greiða út um mánaðamót eru styrkir nú greiddir út vikulega. Vel hefur verið tekið í þessa breytingu meðal félagsmanna.

# TRÚNAÐARMENN

Trúnaðarmenn gegna veigamiklu hlutverki í starfsemi félagsins og eru mikilvægur hlekkur milli félagsmanna og félagsins. Hlutverk þeirra er að gæta þess að kjarasamningar séu virtir og að ekki sé gengið á félagslegan og borgaralegan rétt starfsmanna.

## TRÚNAÐARMANNANÁMSKEIÐ

Félagið býður trúnaðarmönnum að sækja trúnaðarmannanámskeið hjá Félagsmálaskóla alþýðu. Tilgangur námsins er að auðvelda trúnaðarmönnum að takast á við þau verkefni sem þeim eru falin, að þeir efli sjálfstraust sitt og lífsleikni.

Um ármót var gerð breyting á námsskrá trúnaðarmannanámsins með það að markmiði að skapa sveigjanleika og auðvelda nemendum að stýra námi eftir eigin högum. Í fyrri námsskrá var náminu skipt upp í fjórar þriggja daga lotur í staðnámi. Í nýrri námsskrá hafa dagarnir verið aðskildir og hluti af náminu færður yfir í fjarnám. Svo virðist sem þessi breyting ætli að ganga vel þar sem fyrstu námskeið annarinnar hafa verið vel sótt.

## TRÚNAÐARMENN KJÓSA Í TRÚNAÐARRÁÐ

Trúnaðarmenn kjósa sína fulltrúa í trúnaðarráð á starfsdegi. Tekin var ákvörðun um að flýta kosningu þar sem óljóst var um dagsetningu á starfsdeginum vegna kjarasamningsviðræðna. Því kusu trúnaðarmenn sína fulltrúa á vinnufundi félagsins þann 6. nóvember, átta aðalmenn og fjóra til vara:

### AÐALMENN Í TRÚNAÐARRÁÐI 2024-2025

Anna Hafdís Jóhannesdóttir - Kjörbúðin Dalvík
Elín Anna Guðmundsdóttir - VÍS
Gestur Gunnar Björnsson - N1 Hörgárbraut og Leira
Guðlaug Kristjánsdóttir - Klettur
Hanna Sigríður Magnþórsdóttir - Bónus Langholt
Halldóra Konráðsdóttir - Grófargil
Helga Guðrún Pálsdóttir - Nettó Glerártorgi
Örn Viðar Birgisson - BYKO

### VARAMENN Í TRÚNAÐARRÁÐI 2024-2025

Anna Kristín Árnadóttir - Norðlenska matarborðið
Gunnar Hafsteinn Kristjánsson - Húsasmiðjan
Eva Hrönn Arnardóttir - Sportver
Pála Dröfn Sigurðardóttir - Höldur

*Breytingar á námsskrá trúnaðarmanna. Áður var námið í fjórum hlutum, hver þeirra þrír dagar. Nú hafa hlutarnir verið brotnir upp í aðskilda daga sem kenndir eru stakir (stundum í pörum) og það sem er grámerkt er kennt í fjarnámi.*

| | | |
|---|---|---|
| **Hluti 1** | | |
| Þjóðfélag og vinnumarkaðurinn | Trúnaðarmaðurinn, starf hans og staða | Samskipti á vinnustað |
| **Hluti 2** | | |
| Lestur launaseðla og launaútreikningar | Almannatryggingar og lífeyrissjóðir | Starfsemi félagsins, kjarasamningar og sjóðir |
| **Hluti 3** | | |
| Túlkun talna og hagfræði | Vinnuréttur | Samningatækni |
| **Hluti 4** | | |
| Vinnueftirlit og vinnuvernd | Sjálfsefling | Að koma máli sínu á framfæri |

# ORLOFSHÚS OG ORLOFSMÁL

## ORLOFSHÚS

Félagið á sjö íbúðir í Reykjavík og er ein af þeim leigð út sem sjúkraíbúð. Auk þess á félagið þrjú sumarhús á Illugastöðum, hús í Vaglaskógi og á Húsafelli.

Sumarið 2023 var félagið með á leigu sumarbústað í Flókalundi í Vatnsfirði á Barðaströnd og á Einarsstöðum á Héraði. Félagið skipti einnig við VR á húsi nr. 12 á Illugastöðum og húsi í Miðhúsaskógi í Bláskógabyggð.

Alls voru íbúðir og sumarhús hjá félaginu leigð út 771 sinni á árinu 2023, en 731 sinni á árinu 2022. Íbúðir í Mánatúni voru leigðar út 568 sinnum á árinu, bústaðir á Illugastöðum, Gráhrauni og í Skógarseli voru leigðir út 190 sinnum og leigubústaðir 31 sinni.

## GRÁHRAUN Á HÚSAFELLI

Sumarið 2023 var nýtt hús félagsins í Gráhrauni á Húsafelli tekið í notkun. Um er að ræða einlyft vistvænt sumarhús í nýrri orlofsbyggð, kenndri við hraun. Alls er gistiaðstaða fyrir átta manns í húsinu, þar af tvo í gestahúsi sem stendur við veröndina.

Leigendum er heimilt að hafa gæludýr í Gráhrauni og hefur mikil ánægja verið með húsið frá fyrstu leigu þann 2. júní 2023.

## ORLOFSHÚS Á SPÁNI

Í september var tilkynnt um nýjan orlofshúsakost á Alicante, Spáni, fyrir sumarið 2024. Um er að ræða rúmgóða íbúð á jarðhæð í fjölskylduvænum, afgirtum íbúðakjarna með flottri útiaðstöðu og aðgengi að sameiginlegu, niðurgröfnu sundlaugasvæði á næstu hæð fyrir neðan íbúðina.

Opnað var fyrir bókanir frá miðjum október til lok mánaðarins og gilti fyrstur kemur fyrstur fær.



*Frá sundlaugasvæði við orlofshúsið á Spáni.*





*Myndir af sumarhúsi félagsins á Húsafelli þar sem víðfemt útsýni og hraunbreiða einkenna umhverfið.*

## ILLUGASTAÐIR 2 OG 12

Á árinu var tekin var ákvörðun um að gera upp hús númer 2 og 12 á Illugastöðum. Helstu breytingar eru þær að eldhúsið verður stækkað og fært þangað sem áður var svefnsófi og baðherbergið stækkað lítillega. Eldhúsborði og sjónvarpsaðstöðu verður víxlað um stað í alrýminu.

Með því að taka út svefnsófann fækkar gistiplássum úr átta í sex. Eldhúsinnréttingin mun jafnframt rúma uppþvottavél og betri vinnuaðstöðu. Allur panell á veggjum og lofti verður heilsprautaður og skipt um gólfefni, sem léttir verulega á rýminu. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum ljúki fyrir páska 2024.

## ORLOFSMÁL

### ORLOFSMIÐAR

Félagsfólk á kost á því að kaupa niðurgreidda orlofsmiða, fjóra á hverju almanaksári, og hefur val um gistimiða hjá Íslandshótelum eða inneignarbréf hjá Icelandair.

Samtals námu niðurgreiðslur á inneignarbréfum frá Icelandair 1.026.000 kr. og frá Niceair 302.400 kr. á árinu. Niðurgreiðsla á gistimiðum var 267.000 kr.

### ORLOFSSTYRKIR

Á árinu var úthlutað 120 orlofsstyrkjum, af þeim sem fengu úthlutað nýttu 99 félagsmenn sér styrkinn. Styrkurinn árið 2023 var 27.000 kr. í heildina greiddi félagið orlofsstyrki til félagsmanna fyrir 2.673.000 kr.

### NICEAIR

Frá hausti 2022 bauðst félagsfólki að kaupa inneignarbréf frá Niceair á afsláttarkjörum í gegnum FVSA og féllu miðakaupin undir orlofsmiðasölu. Um vorið 2023 varð flugfélagið gjaldþrota og sátu einhverjir félagsmenn eftir með óinnleyst inneignarbréf. Til að mæta tapi þeirra tók stjórn FVSA ákvörðun um að endurgreiða þau inneignarbréf sem höfðu verið keypt hjá félaginu og námu endurgreiðslur 2.166.800 kr. Eigendur inneignarbréfa þurftu að sækja sérstaklega um endurgreiðslu





*Frá vinnu við Illugastaði 2 og 12. Á myndinni til vinstri er búið að taka niður vegg milli stofu og baðherbergis. Á myndinni til hægri er búið að setja upp nýjan vegg, sem jafnframt rammar af eldhúsið í skotinu til hægri á myndunum.*

# STARFSMENNTASJÓÐUR

Alls fengu 378 félagar FVSA úthlutað starfsmennta-styrk árið 2023, samtals að upphæð 34.322.268 kr. Um er að ræða fækkun styrkþega um 23, en alls er úthlutað hærri heildarupphæð en árið áður, eða sem nemur ríflega 4,7 milljónum.

### HÆKKUN STYRKJA UM ÁRAMÓT

Um áramót hækkuðu styrkir úr Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks. Um er að ræða hækkun á krónutölu endurgjalds, en áfram er miðað við sama prósentuhlutfall af námsgjaldi/þátttökugjaldi þegar styrkir eru reiknaðir.

| Styrkir úr Starfsmenntasjóði árið 2023 | |
|---|---|
| Háskólanám | 9.915.209 kr. |
| Framhaldsnám | 3.930.831 kr. |
| Annað nám | 16.577.798 kr. |
| Íslenska fyrir útlendinga | 851.823 kr. |
| Starfstengt símenntunarnám | 2.298.489 kr. |
| Tómstundanám | 748.118 kr. |
| **Samtals** | **34.322.268 kr.** |

**Breyting á upphæðum styrkja úr Starfsmenntasjóði**

| | 2023 | 2024 | Hækkun |
|---|---|---|---|
| Hámarksstyrkur á hverju almanaksári | 130.000 kr. | 180.000 kr. | 50.000 kr. |
| Uppsafnaður styrkur | 390.000 kr. | 540.000 kr. | 150.000 kr. |
| Tómstundastyrkur | 30.000 kr. | 40.000 kr. | 10.000 kr. |
| Ferðastyrkur | 40.000 kr. | 50.000 kr. | 10.000 kr. |







*Félagið hefur kynnt Starfsmenntasjóðinn bæði með vef-borðum á síðu félagsins, auglýsingum á samfélagsmiðlum og í fréttabréfi félagsins.*

*Í aðdraganda áramóta er lögð áhersla á að auglýsa vel síðasta skiladag kvittana vegna styrkja í starfsmennta- og sjúkrasjóð, en sá dagur er alla jafna 27. desember.*

# SJÚKRASJÓÐUR

Verkefni sjóðsins er að veita félagsfólki FVSA fjárhagsaðstoð í veikinda-, slysa- og dánartilvikum Verkefni sjóðsins er ennfremur að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi og heilsufar.

## SJÚKRADAGPENINGAR

Heildargreiðslur sjúkradagpeninga árið 2023 voru 64.758.765 kr., sem er sambærilegt og árið áður, en árið 2022 var upphæðin 63.627.313 kr.

Í heildina voru sjúkradagpeningar greiddir í 161 mánuð til 61 einstaklings. 43 konur fengu samtals 111 mánuði greidda, þar af voru 9 konur undir 30 ára 15 karlar fengu samtals 40 mánuði greidda, þar af voru 6 karlar undir 30 ára. Greiðslur sjúkradagpeninga vegna veikinda barna voru greiddar til þriggja kvenna, samtals fyrir 10 mánuði.

## STYRKIR ÚR SJÚKRASJÓÐI

Um áramót samþykkti stjórn Sjúkrasjóðs breytingar á styrkjum úr sjóðnum, sjá töflu yfir hækkanir hér fyrir neðan.

Styrkur fyrir sálfræðiþjónustu hækkar úr 37.000 kr. í 100.000 kr. á þrepi eitt og úr 15.000 kr. í 40.000 kr. á þrepi tvö á hverju almanaksári. Styrkt er um 50% af reikningi. Sjúkraþjálfun og sjúkranudd mun nú falla undir sama flokk. Styrkt er um 60% af reikningi, hámark 70.000 kr. á þrepi eitt og 40.000 kr. á þrepi tvö á hverju almanaksári.

Frá áramótum er einnig hægt að sækja um styrk fyrir dvöl á Heilsustofnuninni í Hveragerði. Styrkt er um 100.000 kr. á þrepi eitt og 40.000 kr. á þrepi tvö á þriggja ára fresti.

Alls voru greiddir 1.533 styrkir til 851 félaga úr Sjúkrasjóði 2023, samtals að upphæð 34.882.837 kr. Sem er aukning um 9.752.388 kr. á milli ára.

| Greiðslur úr Sjúkrasjóði - samanburður milli árana 2022 og 2023 | | | |
|---|---|---|---|
| | **2022** | **2023** | **Mismunur** |
| **Dánarbætur** | 600.000 kr. | 3.042.000 kr. | 2.442.000 kr. |
| **Gler** | 1.777.873 kr. | 3.757.155 kr. | 1.979.282 kr. |
| **Krabbameinsleit** | 335.852 kr. | 510.714 kr. | 174.862 kr. |
| **Heyrnartæki** | 185.000 kr. | 490.000 kr. | 305.000 kr. |
| **Laseraðgerðir** | 68.965 kr. | 711.548 kr. | 642.583 kr. |
| **Líkamsrækt** | 12.564.706 kr. | 14.586.654 kr. | 2.021.948 kr. |
| **Nudd utan TR** | 233.370 kr. | 420.428 kr. | 187.058 kr. |
| **Sálfræðiþjónusta** | 2.254.813 kr. | 2.242.464 kr. | -12.349 kr. |
| **Glasa-/tæknifrjóvgun** | 264.841 kr. | 215.500 kr. | - 49.341 kr. |
| **Sjúkranudd/hnykk** | 1.298.157 kr. | 1.485.731 kr. | 187.574 kr. |
| **Sjúkraþjálfun** | 5.546.754 kr. | 7.290.643 kr. | 1.743.889 kr. |
| **Aðrir styrkir** | 0 kr. | 130.000 kr. | 130.000 kr. |
| **Samtals** | **25.130.331 kr.** | **34.882.837 kr.** | **9.752.388 kr.** |

Yfirlit yfir breytingar á styrkupphæðum og styrkþáttum sem tók gildi um áramót:

| Hækkun styrkja | Þrep 1 | | | Þrep 2 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | **2023** | **Hækkun** | **2024** | **2023** | **Hækkun** | **2024** |
| **Sjúkraþjálfun og -nudd** | | | 70.000 kr. | | | 40.000 kr. |
| **Sálfræðiþjónusta** | 35.000 kr. | 65.000 kr. | 100.000 kr. | 15.000 kr. | 25.000 kr. | 40.000 kr. |
| **Dvöl í Hveragerði** | | | 100.000 kr. | | | 40.000 kr. |

# FRÆÐSLA OG NÁMSKEIÐ

Eitt af lykilhlutverkum félagsins er að miðla áfram upplýsingum og vera í tengslum við félagsfólk. Félagið leggur einnig áherslu á að starfsfólk og þau sem gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið sæki fræðslu og þekkingu á sviði verkalýðsmála eftir því sem færi gefst.

## STARFAMESSA

Föstudaginn 3. mars stóðu námsráðgjafar í grunnskólum Akureyrarbæjar fyrir Starfamessu fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. Markmið viðburðarins er að nemendur fái tækifæri til þess að kynna sér starfsmöguleika innan fyrirtækja og stofnana á svæðinu og þá menntun sem þarf til að sinna þeim störfum. Með þessu gefst nemendunum tækifæri til þess að kynna sér fjölbreytt og spennandi störf og leggja þannig grunn að menntun til framtíðar.

Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni var með kynningu á starfsemi félagsins á Starfamessunni. Lögð var áhersla á að minna ungmennin á að vera dugleg að halda utan um vinnutímana sína og skoða launaseðla um hver mánaðarmót. Einnig vöktum við athygli þeirra á starfsmöguleikum innan hreyfingarinnar og hve fjölbreyttan bakgrunn fólk innan hennar býr að.

Alls sóttu tæplega 700 ungmenni viðburðinn, sem haldinn var í Hátíðarsal Háskóla Akureyrar, og voru þau öll til fyrirmyndar.




*Starfsmaður félagsins, María Rut, ræðir við gesti á Starfamessu í Háskólanum á Akureyri.*



*Eftirlitsfulltrúar ASÍ á starfsdögum. Mynd: Saga Kjartansd.*



*Frá starfsdögum eftirlitsfulltrúa.*

## STARFSDAGAR EFTIRLITSFULLTRÚA

Dagana 10. - 11. maí voru starfsdagar eftirlitsfulltrúa ASÍ haldnir á Akureyri. FVSA átti tvo fulltrúa á starfsdögunum; Helga Sveinbjörn Jóhannsson og Maríu Rut Dýrfjörð.

Á starfsdögum gefst eftirlitsfulltrúum kostur að hitta aðra fulltrúa, deila reynslusögum og læra af öðrum. Að þessu sinni var farið yfir hlutverk eftirlitsfulltrúa, lögin, samkomulagið og þróun eftirlitsins. Einnig var farið í hlutverkaleik og hópavinnu.

Karen Ósk Nielsen, lögfræðingur hjá ASÍ, hélt erindi um húsaleigulög og réttindi leigenda og Kristín Heba Gísladóttir frá Vörðu, rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins, fór yfir niðurstöður úr könnun um á stöðu launafólks. Að lokum var erindi Mieke Van Laer í fjarfundi þar sem hún sagði frá stærsta mansalsmáli Belgíu.

## FRÆÐSLA FYRIR 10. BEKK

Í byrjun árs 2024 fóru starfsmenn FVSA í heimsóknir í grunnskóla Akureyrar og héldu kynningar um réttindi og skyldur á vinnumarkaði fyrir 10. bekk. Öllum skólum á þjónustusvæði félagsins býðst að fá fræsðlu frá félaginu.

Tilgangur heimsóknana er að hvetja ungt fólk til þess að vera meðvitað um réttindi sín og skyldur, vera vakandi fyrir eigin hag, m.a. með því að þekkja megininntak kjarasamninga, launataxta, vinnutíma og veikinda- og orlofsrétt. Einnig að kynna þjónustu stéttarfélaga, helstu sjóði og styrki ásamt því að hvetja ungmennin til þess að leita til síns félags með spurningar.

Á þessari önn var veittur aukinn tími fyrir fræðsluna, 60 mínútur í stað 40 árið áður, og hefur það skilað betra samtali og umræðum hjá ungmennunum. Fræðslunni lýkur á spurningakeppni milli nemanda í forritinu Kahoot, sem vekur jafnan mikla lukku.

## GENF SKÓLINN

Árlega opnar Alþýðusamband Íslands (ASÍ) fyrir umsóknir í Norræna Lýðhásskólann í Genf, en skólinn er ætlaður virkum félagsmönnum í stéttarfélögum. ASÍ á sæti fyrir einn fulltrúa í skólanum ár hvert, fulltrúi ASÍ árið 2023 var Eydís Bjarnadóttir, starfsmaður FVSA.

Skólinn er haldinn í tengslum við alþjóðavinnumálaþingið í Genf og dregur skólinn nafn sitt af því. Nemendur kynnast meðal annars þinghaldi og Alþjóðavinnumálastofnuninni ILO.

Námið fer fram í þremur lotum; fornámskeið í Runö í Svíþjóð, verkefna- og hópavinna í fjarfundum og að lokum er aðalnámskeiðið samhliða þingi ILO í Genf.

## NORDENSKOLAN

Nordenskolan er námskeið sem Nordic International Folk High School, NIFH, stendur fyrir árlega og er samstarfsverkefni norrænna verkalýðshreyfinga. Í náminu er fjallað um hið norræna velferðarmódel, möguleika þess og takmarkanir.

Gunnar Hafsteinn Kristjánsson, trúnaðarmaður FVSA í Húsasmiðjunni, er þátttakandi á námskeiðinu undir merkjum félagsins. Námið samanstendur af staðnámi og fjarnámi og lýkur í febrúar 2024.



*Nemendur í 10. bekk í Oddeyrarskóla hlusta á fræðslu.*



*Fulltrúar ASÍ og BSRB í Genfarskólanum; Eydís Bjarnadóttir og SIgríður Ingibjörg Ingadóttir.*



*Fulltrúar Íslands í Nordenskolan mætt í staðnám í Finnlandi, Gunnar Hafsteinn, fulltrúi FVSA er lengst til vinstri.*

# ÖNNUR VERKEFNI

## LEIKHÚSFERÐ

Þann 8. mars bauð FVSA félagsmönnum sem náð hafa lífeyrisaldri í leikhús á uppsetningu Leikfélags Hörgdæla á sýninguna *Stelpuhelgi.*

Sjötíu og sjö félagsmenn þáðu boð félagsins og söfnuðust saman í rútur við Alþýðuhúsið. Fyrst var áð á Þelamörk þar sem gestir gæddu sér á kaffiveitingum áður en haldið var að Melum. Þar tók við kómísk sýning með spennuívafi og miklum hasar á sviðinu. Að sýningu lokinni gengu leikhúsgestir glaðir út í sólina í fallegum Hörgárdalnum.

## 1. MAÍ

Verkalýðsdagurinn var haldinn hátíðlegur að vanda og hófst með kröfugöngu við undirleik Lúðrasveitar Akureyrar. Gengið var frá Alþýðuhúsinu til suðurs, norður göngugötuna frá Eymundsson, framhjá Ráðhústorgi og inn að Hofi. Mæting var góð, enda veðrið með ágætum.

Að kröfugöngu lokinni var boðið til hátíðardagskrár í Hofi. Kristín Konráðsdóttir, félagsmaður hjá Sameyki og fulltrúi í 1. maínefnd stéttarfélagana við Eyjafjörð fór með ávarp fyrir hönd nefndarinnar og formaður Sameykis, Þórarinn Eyfjörð, hélt hátíðarræðu.

Bryndís Ásmundsdóttir, söngkona, stýrði dagskránni auk þess að taka nokkur vel valin lög við undirleik Hallgríms Jónasar Ómarssonar. Leikfélag Menntaskólans á Akureyri steig á stokk og tók atriði úr söngleiknum Footloose við góðar undirtektir. Að dagskrá lokinni var boðið upp á kaffiveitingar.

Boðið var upp á létta 1. maí dagskrá í sal stéttarfélaganna að Eyrargötu 24b, Siglufirði. Flutt var ávarp 1. maínefndarinnar og boðið upp á kaffiveitingar.



*Haldið í leikhús.*




*Kristín Konráðsdóttir og Þórarinn Eyfjörð fluttu ávörp.*



*Leikarar hneygja sig í lok sýningar.*



*Lúðrasveit Akureyrar ásamt fánaborg fyrir framan Hof.*

## KÖNNUN MEÐAL FÉLAGSFÓLKS

Í byrjun nóvember gerði félagið könnun þar sem hugur félagsfólks til áhersluatriða gagnvart atvinnurekendum í kjaraviðræðum var kannaður.

Könnunin var send til þess félagsfólks sem er með netfang sitt skráð inni á félagavefnum, samtals 1.426 einstaklingar. Alls svöruðu 362 könnuninni, eða ríflega 23%.

Niðurstöðurnar voru fyrst kynntar á vinnufundi trúnaðarráðs og þeirra sem gegna trúnaðarstörfum hjá félaginu, þann 6. nóvember.

Spurt var þriggja spurninga í könnuninni:

- Hvaða áherslu telur þú að FVSA/LÍV eigi að hafa í næstu kjarasamningum um launahækkanir?
- Hvað telur þú að verkalýðshreyfingin eigi að semja til langs tíma í komandi kjaraviðræðum?
- Veldu það atriði sem þú telur mikilvægast í forgangsröðun gagnvart atvinnurekendum í komandi kjaraviðræðum?

NIÐURSTÖÐUR

### Áherslur um launahækkanir

Í könnuninni kusu flest með áherslu á prósentuhækkanir með lágmarki og hámarki í krónum, eða 127 manns. Næstflest atkvæði hlaut sama krónutöluhækkun fyrir öll, eða 98 manns. Þá hlaut prósentuhækkun með lágmarki í krónum 61 atkvæði.




### Lengd kjarasamnings

Flest, eða 132, völdu 2 ára samningstíma í könnuninni. Nánast jafnmörg kusu eins og þriggja ára samningstíma, eða 93 og 91 manns. Aðeins 34 kusu með 5 ára samningstíma.




### Forgangsröðun gagnvart atvinnurekendum

Stytting vinnuvikunnar hlaut flest atkvæði í forgangsröðun gangvart atvinnurekendum, eða 122 atkvæði. Þá hlaut aukinn orlofsréttur 84 atkvæði og aukinn veikindaréttur 41 atkvæði.



## FÉLAGSSTARF

Félagslíf hefur löngum verið stór partur af starfi stéttarfélaga. Með tíð og tíma hefur það tekið miklum breytingum frá því í árdaga félagsins þegar var m.a. farið í félagsútilegur. Covid hafði að auki mikil áhrif á allt félagsstarf.

### PÍLUKVÖLD

